



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

27. fundur, miðvikudaginn 21. apríl, kl. 10:00-11:30

í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sveinbjörn Björnsson .

Fjarverandi: Unnur Brá Konráðsdóttir og Kjartan Ólafsson (formaður faghóps III).

Fundarfrásögn

- Fundargerðir.** Þóra mun senda inn athugasemdir sínar vegna fundargerðar frá 29. janúar og Kristín Huld vegna fundargerðar frá 22. febrúar. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir hádegi 23. apríl verður litið svo á að allar fundargerðir til og með 6. mars séu samþykktar.
- Umsagnarfundur og kynningarferli.** Formaður gerði grein fyrir gangi umsagnarferlis. Átta kynningarfundum er lokið (tveir í Reykjavík, Selfoss, Kirkjubæjarklaustur, Mývatnssveit, Skagafjörður, Vestfirðir og Grindavík) og tveir þeir síðustu eru á dagskrá síðdegis þann 21. apríl (opinn fundur í Reykjavík, og fundur með Samorku). Tekin hefur verið ákvörðun um að framlengja umsagnarferli um tvær vikur, til 3. maí. Er það almennt mat að fundirnir hafi verið „góðir“ og málefnalegir.
Gerð var grein fyrir gagnrýni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á niðurstöður faghóps I. Gagnrýni NÍ snýst m.a. um að ekki sé vísað til vinnu NÍ í skýrslu um niðurstöður faghópa. Þóra telur að gagnrýni starfsmanns NÍ eigi ekki við rök að styðjast. Til þess þó að koma til móts við þá gagnrýni verða m.a. birt á vefsíðu rammaáætlunar frekari grunngögn frá faghópnum sem og framlenging umsagnarferlis. Rætt var um verksamning Orkustofnunar fyrir hönd rammaáætlunar við NÍ um framlag stofnunarinnar til starfa faghópa og túlkun samningsins í ljósi viðbragða forstjóra NÍ. Fram komu óskir um að verkefnisstjórn svaraði fyrir sig með rökstuðningi. Farið var yfir texta samninga við NÍ. Skriflega útgáfu af gagnrýni NÍ er að finna í umfjöllun um ársfund NÍ (heimasíða). Guðni sem fulltrúi verkkaupa mun svara þeirri gagnrýni bréflega .
Þóra gerði grein fyrir fundi sínum með umhverfisráðherra um gagnrýni NÍ. Samþykkt var að starfsmaður sendi verkefnisstjórn afrit af greinargerð Þóru. .
- Umsagnarferli.** Þar sem lagafrumvarp um meðferð á niðurstöðum rammaáætlunar er ekki komið fram verður hlé á starfi verkefnisstjórnar þar sem óvíst er um vilja stjórnvalda um búning niðurstaðnanna. Umsagnarferli mun ganga sinn gang og stefnt er að birtingu umsagna á vefsíðu en lokai úrvinnsla mun bíða skýrari lína frá stjórnvöldum. Lögð var áhersla á i að umsagnaraðilar fengju einhvers konar viðbrögð við umsögnum. Verkefnisstjórn mun fara yfir umsagnir og bregðast við þeim eins og þurfa þykir. Þær munu síðan fara til vinnslu hjá faghópum í tengslum

við lokavinnu þeirra.

4. **Umræða um framhald vinnu verkefnisstjórnar.** Formaður lýsti þeirri sýn að óvíst væri hvernig haga skyldi vinnunni framundan vegna óvissu um vilja stjórnvalda. Samkvæmt erindisbréfi beri verkefnisstjórn að skila flokkuðum virkjunarkostum og svæðum en núverandi drög lagafrumvarps gera ráð fyrir annars konar flokkun. Minnt var á að frekari vinna kallaði á meiri fjármuni og sem stendur væru þeir ekki til reiðu.
5. **Friðuð svæði.** Nokkur umræða fór fram um stöðu friðaðra svæða og ólík form friðlýsinga gagnvart virkjunarframkvæmdum. Minnt var á tortryggni um stöðu náttúruverndar í þessu sambandi, t.d. ef hægt er að affriða svæði vegna virkjunarhugmynda. Fram kom það sjónarmið að mikilvægt sé að herða ákvæði friðunar þannig að friðuð svæði haldi ótvírætt stöðu sinni.
6. **Fundi var slitið** kl. 11:50 og tímasetning næsta fundar er óviss.